



## FUNDARGERÐ STJÓRNAR

435. fundur

Stjórnarfundur SORPU bs., kt. 510588-1189, fimmtudaginn 15. október 2020. Fundurinn er settur klukkan 14:04. Fundurinn er fjarfundur á Teams.

Fundarstjóri: Líf Magneudóttir stjórnarformaður, fundarritari: Gunnar Dofri Ólafsson.

**Mætt:** Ágúst Bjarni Garðarsson, Birkir Jón Jónsson, Bjarni Torfi Álfþórsson, Jóna Sæmundsdóttir, Kolbrún Þorsteinsdóttir og Líf Magneudóttir. Helgi Þór Ingason framkvæmdastjóri, Guðrún Eva Jóhannesdóttir fjármálastjóri og Gunnar Dofri Ólafsson, sérfræðingur í samskiptum og samfélagsvirkni.

**Gestir á fundinum** eru Birgir Björn Sigurjónsson ráðgjafi í fjármálateymi SORPU, Ari Karlsson lögmaður, Erik Tryggvi Striz Bjarnason, ráðgjafi í fjármálateymi SORPU, Erlendur Gíslason lögmaður, Eva Bryndís Helgadóttir lögmaður og Haraldur Flosi Tryggvason lögmaður.

Birgir Björn Sigurjónsson og Erik Tryggvi Striz Bjarnason sækja fundinn undir liðum 1, 2 og 3.

Ari Karlsson sækir fundinn undir lið 2.

Erlendur Gíslason og Eva Bryndís Helgadóttir sækja fundinn undir lið 5.

Allir fundarmenn sækja fundinn með fjarfundarbúnaði.

Ágúst Bjarni Garðarsson fer af fundi klukkan 15:30.

Jóna Sæmundsdóttir fer af fundi klukkan 16:55.

Tekið fyrir:

### 1. Staða og horfur í rekstri og fjárfestingum

Liður 1 er ræddur samhliða lið 3.

### 2. Lögfræðialit vegna þjónustuskyldna og gjaldtökuheimilda samlagsins

Ari Karlsson gerir grein fyrir lögfræðialiti vegna þjónustuskyldna og gjaldtökuheimilda samlagsins. Minnisblaðið rætt.

### 3. Áætlun 2021

Birgir Björn Sigurjónsson, Erik Tryggvi Striz Bjarnason og Guðrún Eva Jóhannesdóttir kynna og gera grein fyrir fjárhagsáætlun SORPU fyrir árið 2021, dagsettri 15. október 2020, rekstraráætlun og tillögum að breytingum á gjaldskrá SORPU. Málið rætt og stjórn samþykkir að vísa fjárhagsáætluninni óbreyttri til afgreiðslu eigendafundar.



#### 4. Staða samstarfs við Ýmir technologies

Haraldur Flosi Tryggvason gerir grein fyrir stöðu samstarfs SORPU og Ýmir technologies. Málið rætt.

#### 5. Staðan í dómsmálum á hendur félagsins

Erlendur Gíslason gerir grein fyrir minnisblaði um stöðu málshöfðunar ÍAV á hendur SORPU. Eva Bryndís Helgadóttir gerir grein fyrir minnisblaði um stöðu málshöfðunar Björns Halldórssonar, fyrrverandi framkvæmdastjóra, á hendur SORPU. Minnisblöðin rædd.

#### 6. Ráðningarferli framkvæmdastjóra

Haraldur Flosi Tryggvason gerir grein fyrir tilboðum ráðningarfyrirtækja í ráðningarferli framkvæmdastjóra. Tilboðin rædd og stjórn samþykkir að taka lægsta tilboði. Formanni stjórnar er falið að ganga frá samningi við ráðningarfyrirtækið og fela því að gangsetja ráðningarferlið svo fljótt sem auðið er.

#### 7. Önnur mál

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir ýmsum málum er varða rekstur og rekstrarumhverfi SORPU. Málin rædd.

#### 8. Næsti fundur

Stjórnarfundur nr. 436 er boðaður fimmtudaginn 22. október 2020 klukkan 14:15.

Fleira var ekki gert og fundi slitið klukkan 17:00 fimmtudaginn 15. október 2020.